



Reglur um rafræna vöktun hjá Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur sett sér eftirfarandi meginreglur um rafræna vöktun eftirlitsmyndavéla og aðgerðir í aðgangskerfi húsnæðis. Reglurnar byggja á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og reglum persónuverndar nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

1. UMFANG

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur sett upp stafrænar myndavélar *innan húsnæðis* skólans þar sem rafræn vöktun er talin nauðsynleg á grundvelli öryggis eða eignavörslu. Í aðgangskerfi húsnæðis skráist notkun aðgangskorta, hvar aðgangskort er notað, hvenær og hvort viðkomandi hafi aðgang að því rými sem verið er að fara inná. Hver starfsmaður/kennari ber fulla ábyrgð á sínu aðgangskorti.

2. TILGANGUR

Tilgangur rafrænnar vöktunar hjá Fjölbrautaskóla Snæfellinga er til að varðveita öryggi gagna og búnaðar, stýra aðgangi að húsnæði skólans og gæta öryggis nemenda og starfsfólks.

Reglum um rafræna vöktun er ætlað að tryggja meðalhóf, virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og ganga ekki lengra en nauðsyn ber til.

3. MEGINREGLUR

Gögn úr öryggismyndavélum eru geymd í allt að 60 daga. Ábyrgðaraðili myndavélakerfis ákvarðar aðferðir við vöktun myndefnis. Myndefni er skoðað ef upp koma atvik eða atburðir sem rekja þarf frekar, til dæmis vegna öryggis einstaklinga, eignavörslu eða ef grunur er um brot á reglum um aðgang að húsnæði stofnunarinnar. Ef skoða þarf myndefni, er skráð hvenær efni er skoðað, ástæðu þess og hver/hverjir skoða myndefnið. Ef myndefni er vistað, þá skal það skráð sérstaklega og hve lengi skuli geyma myndefnið, til samræmis við reglur persónuverndar nr. 837/2006. Upptökur eru ekki afhentar öðrum en lögreglu og þá ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða og/eða vegna rannsóknar á hugsanlegum meintum refsiverðum verknaði. Óheimilt er að afhenda þriðja aðila upplýsingar sem safnast hafa með öryggismyndavélum nema með skýru samþykki þess sem upptaka er af, að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt ákvörðun persónuverndar.

Í aðgangskerfi húsnæðis eru upplýsingar um umgang starfsmanna vistaðar í sex mánuði. Aðgang að þessum upplýsingum hefur umsjónamaður fasteigna FSN. Gögn eru skoðuð af ábyrgðaraðila aðgangskerfis húsnæðis, þegar óeðlilegt ástand skapast eða viðvörðunarkerfi fer í gang. Þar að auki getur skólameistari óskað eftir upplýsingum um umgang starfsmanna ef ástæða þykir til. Skólameistari FSN er ábyrgðaraðili myndavélakerfis og aðgangskerfi húsnæðis. Tölvuumsjónarmaður skólans ásamt umsjónamanni fasteigna eru umsjónaraðilar kerfanna tveggja.

4. SKÝRINGAR

Aðgangskerfi húsnæðis: Tölvukerfi og búnaður sem skráir notkun aðgangskorta. Í kerfinu eru aðgangsheimildir hvers starfsmanns skilgreindar og notkun aðgangskorta vistuð.

Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ákveður tilgang rafrænnar vöktunar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vöktunina og ráðstöfun upplýsinga sem til verða.


Myndavélakerfi: Tölvukerfi og búnaður sem skráir upptökur úr myndavélum. Kerfið hefur viðmót sem gerir skoðun myndbandanna einfalda og hægt er að vista út úr kerfinu myndbrot. Öryggismyndavélar eru mikilvægur hlekkur í öryggiskerfi Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Reynslan sýnir að öryggismyndavélar hafa talsverðan fælingarmátt og geta verið ómetanlegar við að upplýsa þjófnaði og skemmdarverk. Þær eru hluti af þeirri viðleitni að verja eigur skólans, starfsfólks og nemenda og bæta öryggi á svæðinu almennt.

Vöktunin fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna Fjölbrautaskóla Snæfellinga í tengslum við eigna- og öryggisvörslu, sbr. 6. tölul. 9. gr. [Laga nr. 90/2018](#) og f-lið 1. mgr. 6. gr. [Reglugerðar \(ESB\) 2016/679](#). Ábyrgðaraðili vöktunarinnar er Fjölbrautaskóli Snæfellinga.

Við notkun öryggismyndavéla verður að fylgja [reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun](#). Engum gögnum er safnað um einstaklinga og engin gögn eru geymd lengur en í 60 daga nema sérstök rök séu færð fyrir því.

Á vef persónuverndar má finna [svör við algengum spurningum um öryggismyndavélar](#) og reglur sem um þær gilda.

Það eru öryggismyndavélar við alla innganga skólans. Myndin hér fyrir neðan sýnir öryggissvæði FSN, það svæði innan lóðar skólans þar sem vegfarendur mega vænta þess að lenda inn á sjónsviði öryggismyndavéla en þó er ekki hægt að fullyrða að svæðið sé allt vaktað.



Frekari upplýsingar um réttindi einstaklinga í tengslum við vöktun með öryggismyndavélum má nálgast hjá umsjónarmanni tölvukerfis, Agnari Guðmundssyni (agnar@fsn.is) og umsjónarmanni fasteigna, Ólafi Tryggvasyni (olafur@fsn.is).

5. ANDMÆLI VIÐ FRAMKVÆMD VÖKTUNAR

Athugasemdum um vöktun og framkvæmd hennar eða ábendingar um að hún uppfylli ekki lagakröfur, skal koma til skólameistara, Hrafnhildar Hallvarðsdóttur með tölvupósti á hrafnhildur@fsn.is

6. ÚTGÁFUSAGA SKJALSINS

08.10.2024 (fyrsta útgáfa).